

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

52. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILÍÐ 2014-2018

Árið 2018, fimmtudaginn 12. apríl. kl.13:00, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Guðbjörg Bergmundsdóttir, oddviti í fjarveru Steins Inga Kjartanssonar, Hulda Gunnarsdóttir, Guðmundur Birgir Ragnarsson, varamaður Halldóru Pétursdóttur, Valgeir Scott og Pétur G. Markan, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 13:00.

Oddviti bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmæti fundarins.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

### Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Stöðukynning v/ heildarendurskoðunar á aðalskipulagi.
3. Umsögn um drög að fiskeldisstefnu samtaka sveitarfélaga í sjávarútvegi.
4. Kaup á bæjarbíl L200 – kauptilboð lagt fram.
5. Arðgreiðsla 2018 – Lánasjóður sveitarfélaga ohf.
6. Málningarvinna v/ Arnaflatar 5, 7 og 9.
7. Byggingarfulltrúin í Súðavíkurhreppi.
8. Beiðni um styrk og samstarf um afreksbraut við MÍ
9. Lýðháskólinn á Flateyri – bakjarls beiðni og kostun nemanda.
10. Erindi frá Melrakkasetri Íslands.
11. Sérreglur vegna byggðakvótaúthlutunar 2017 – 2018.
12. Fundargerð Samb. ísl. Sveitarfélaga nr. 858.

- 
1. Pétur G. Markan fer yfir skýrslu sveitarstjóra. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Súðavíkurhrepps.
  2. Pétur G. Markan kynnir. Efni kynningarinnar er aðgengilegt á heimasíðu Súðavíkurhrepps, undir aðskipulag.
  3. Sveitarstjóri leggur fram minnisblað með áherslum Súðavíkurhrepps og leggur til að efni minnisblaðsins verði umsögn sveitarfélagsins.  
Samþykkt samhljóða.
  4. Sveitarstjóri leggur fram kauptilboð í Mitsubishi L200, nýjan bæjarbíl Súðavíkurhrepps.

Tilboðið hljóðar upp á 6. 260. 000 kr. Bílinn kemur með húsi yfir pallinum.

Samþykkt samhljóða.

5. Lagt fram bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga, undirritað af Óttari Guðjónssyni. Tilkynt um arðgreiðslu til sveitarfélagsins að upphæð 998.000 kr.
6. Frestað til næsta fundar.
7. Starfslok byggingarfulltrúa Súðavíkurhrepps, Árna Traustasonar, verða við mánaðarmót apríl og maí.

Súðavíkurhreppur þakkar Árna Traustasyni langa og farsæla samfylgd. Það hefur verið sveitarfélaginu mikil gæfa að njóta starfa og krafta Árna Traustasonar.

Verkís mun rækja störf byggingarfulltrúa næstu misseri.

8. Erindinu vísað til fræðslu, íþróttar og tómstundanevndar.
9. Erindinu vísað til fræðslu, íþróttar og tómstundanevndar.
10. Erindinu vísað til skipulags og byggingarnevnd.
11. Sérreglum sveitarstjórnar, sem gerðu ráð fyrir að úthluta 20% af byggðakvóta sveitarfélagsins til fiskiskipa með leyfi til sæbjúgnaveiða var hafnað af atvinnumálaráðuneytinu, í pósti dagsettum 9. apríl.

Eftirfarandi er tillaga sveitarstjórnar að sérreglum vegna úthlutunar byggðakvóta 2017 -2018:

*Ákvæði reglugerðar nr. 604/2017 gilda um úthlutun byggðakvóta fyrir Súðavík með eftirfarandi viðauka/breytingum:*

- a) *a-liður 1. gr. breytist þannig: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006 eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.*
- b) *b-liður 1. gr. breytist þannig: Eru skráð í viðkomandi byggðarlagi 1. desember 2017.*
- c) *1. málsl. c-liðar 1. gr. breytist þannig: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlagi 1. desember 2017.*
- d) *Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, á þann veg að 30% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og eru með frístundaveiðileyfi. 70% byggðakvótans í Súðavík skal skipt jafnt á þá báta sem landað hafa 50% eða meira af sínum afla, fiskveiðiárið 2016/2017 í Súðavík og uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar.*
- e) *Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla í Súðavík sem telja á til byggðakvóta, og einnig úthlutuðum byggðakvóta, til vinnslu í Súðavík á tímabilinu frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.*

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóra falið að senda tillögurnar til ráðuneytis.

12. Lagt fram.

**Fleira ekki gert.**

**Fundi slitið kl. 15:55**

**Guðbjörg Bergmundsdóttir  
varaoddviti**

**Valgeir Scott**

**Hulda Gunnarsdóttir**

**Birgir Ragnarsson**

**Pétur G. Markan, sveitarstjóri**